

# Framtíðarsýn

## DRÖG að framtíðarsýn 2012-2016

### Lestur og lesskilningur.

Vinna samkvæmt lestraráætlun GS, stefna að því að allir nemendur lesi daglega í skóla og heima. Gera framfarir enn sýnilegri, setja markmið með nemendum og forráðamönnum og efla eftirfylgd með heimalestri. Lögð sé áhersla á lesskilning, orðaforða og málskilning í öllum fögum í skólanum.

### Árangur á samræmdum prófum.

Auka árangur með því að rýna í einkunnir og námsmat og bregðast sérstaklega við þeim þáttum sem koma illa út. Kynna próf og niðurstöður fyrir nemendum og forráðamönnum fyrir og eftir próf (sjá plan um framfarir).

### Snemmtæk íhlutun - markvissar skimanir.

Við ætlum að leggja þroskapróf fyrir nemendur að hausti í 1. bekk (t.d. Tove Krogh). Þannig að kennarar og foreldrar átti sig fyrir á því ef nemendur þurfa sértæka aðstoð og nemendur fái sérkennslu við hæfi strax um áramót í 1. bekk. Halda áfram með *Leið til læsis*, nýta *Logos* til skimunar í 3. – 6. bekk, *Talnalykil* í 6. bekk og *GRP-14* í 9. bekk. Fara vel yfir niðurstöður og möguleg viðbrögð með starfsfólki, nemendum og forráðamönnum.

### Kennsla á miðstigi

Við stefnum á að auka greinakennslu á miðstigi. Þannig að hver og einn kennari á mið- og unglingastigi sérhæfi sig í ákveðnum fögum auk umsjónarkennslu. Til stuðnings við kennara og til að tryggja samfellu milli skólastiga starfi fagstjórar í íslensku, ensku og stærðfræði

### Mannauðsstjórnun

Með starfendarannsóknnum ætlum við, frá og með vorönn 2012 að keppa að því að fá það besta út úr hverjum starfsmanni þannig að raunverulegir kraftar hvers og eins nýtist heildinni til handa.

Unnið verður markvisst að því að þjappa hópnum saman, auka kærleika og tryggja að velferð starfsmanna sé sem best í leik og starfi. Námskeið og tilbreyting á vegum skólans skuli miða að þessu.

### Fyrirkomulag kennslu

Stefnt er að því að hverfa frá teymiskennslu á yngri stigi. Við stundatöflugerð verður stefnt að því að yngri árgangar séu með hliðstæðar stundatöflur, eins og kostur er. Einstaklings miðað nám verði tryggt með öfluglu starfi í Riddara- og Miðgarði auk þess sem aukið verði við stöðugildi sérkennara til eflingar sérdeildar.

### Öflugt bekkjarstarf

Við munum áfram vinna samkvæmt áætlun Olweusar, gegn einelt, vinna samkvæmt *Uppbyggingarstefnu* að uppeldi til ábyrgðar og vinna náið með heimilum og skólasamfélaginu öllu þannig að mestu mögulegar framfarir hvers nemanda séu ávalt í forgrunni.



GRUNNSKÓLINN Í SANDGERÐI

Vöxtur - Vilji - Virðing - Vinátta

### MARKMIÐ VIÐ ÆTLUM AÐ :

- ✓ ná verulegum framförum í lestri og lesskilningi
- ✓ bæta árangur á samræmdum prófum
- ✓ koma fyrir til móts við nemendur með sérþarfir og forráðamenn þeirra
- ✓ auka metnað nemenda á mið- og eldra stigi
- ✓ starfa með öflugum hópi starfsmanna
- ✓ hverfa frá teymiskennslu
- ✓ sjá nemendur blómstra

# Árangur á samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk

## EINKUNNIR

### 4. BEKKUR

### 7. BEKKUR

### 10. BEKKUR

*Við stefnum á að auka verulega árangur í samræmdum námsgreinum þannig að einkunnir nemenda í Grunnskólanum í Sandgerði verði fyrir ofan landsmeðaltal í öllum greinum í 4., 7. og 10. bekk árið 2016*

